

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/1647**

2025/EES/17/24

frá 23. september 2022

**um breytingu á tilskipun 2003/90/EB að því er varðar undanþágu fyrir lífrænt ræktuð
yrki nytjaplantna í landbúnaði sem henta til lífrænnar framleiðslu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði ⁽¹⁾,
einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB ⁽²⁾ miðar að því að tryggja að yrki nytjaplantna í landbúnaði, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim aðferðarlýsingum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett. Þessar aðferðarlýsingar miða einkum að því að tryggja fylgni við reglur að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði til að staðfesta aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika. Að því er varðar yrki sem falla ekki undir aðferðarlýsingar yrkisskrifstofu Bandalagsins miðar sú tilskipun að því að tryggja að viðmiðunarreglum um prófanir frá Alþjóða-sambandinu um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) sé fylgt.
- 2) Yrki nytjaplantna í landbúnaði skulu m.a. uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 2003/90/EB að því er varðar athugun á ræktunar- og notkunargildi.
- 3) Þörf er á að tryggja að framleiðendur geti notað lífrænt ræktuð yrki sem henta til lífrænnar framleiðslu og sem leiða af lífrænni ræktunarstarfsemi. Sum þeirra uppfylla viðmiðanir um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika fyrir öll önnur yrki af sömu tegund en önnur yrki sem eru ætluð fyrir lífræna framleiðslu einkennast af mikilli erfðafræðilegri og svipfarslegri fjölbreytni milli einstakra ræktunareininga.
- 4) Staðlarnir fyrir einsleitni sem eru skilgreindir í fyrirliggjandi aðferðarlýsingum fyrir aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika og í viðmiðunarreglum yrkisskrifstofu Bandalagsins og Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja henta þar af leiðandi ekki fyrir lífrænt ræktuð yrki fyrir lífræna framleiðslu sem einkennast af mikilli erfðafræðilegri og svipfarslegri fjölbreytni. Enn fremur er þörf á að fastsetja meginreglur fyrir athugun á ræktunar- og notkunargildi sem samsvara kröfunum í lífræna geiranum.
- 5) Þar af leiðandi er nauðsynlegt að bjóða upp á þann möguleika að víkja frá fyrirliggjandi aðferðarlýsingum fyrir athugun á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika og að kveða á um kröfur varðandi athugun á ræktunar- og notkunargildi sem eru meira aðlagðar að lífrænt ræktuðum yrkjum sem henta til lífrænnar framleiðslu.
- 6) Þar af leiðandi ætti að vera mögulegt að aðlaga fyrirliggjandi aðferðarlýsingar fyrir yrkisathugun fyrir tiltekin yrki til að mæta þörfum lífræns landbúnaðar. Því er viðeigandi að víkja frá tilteknum ákvæðum í 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB og að mæla fyrir um sértækar kröfur varðandi athugun á ræktunar- og notkunargildi.
- 7) Aðildarríki ættu að gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skýrslu eigi síðar en 31. desember ár hvert, til og með 31. desember 2030, um fjölda umsókna og niðurstöður úr athugunum á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika og á ræktunar- og notkunargildi til að tryggja reglulega endurskoðun á þessum kröfum og meta enn frekar þörfina á að breyta þeim eða fjarlægja eða að beita þeim einnig um aðrar tegundir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjótið. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2025 frá 7. febrúar 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði (Stjótið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7).

- 8) Því ætti að breyta tilskipun 2003/90/EB til samræmis við það.
- 9) Lögbær yfirvöld og viðkomandi rekstraraðilar í starfsgreininni ættu að hafa nægan tíma til að undirbúa sig með fullnægjandi hætti áður en landsákvæði sem lögleiða þessa tilskipun taka gildi.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/90/EB

Tilskipun 2003/90/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Að því er varðar aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika og með fyrirvara um aðra undirgrein:

- a) skulu tegundirnar, sem eru tilgreindar í I. viðauka, uppfylla skilyrðin sem stjórn skrifstofu fyrir plöntuyrki í Bandalaginu (CPVO) mælir fyrir um í „Bókun um prófanir á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika“ og tilgreind eru í þeim viðauka,
- b) skulu tegundirnar, sem eru tilgreindar í II. viðauka, fullnægja viðmiðunarreglunum sem Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja samdi um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika og tilgreindar eru í þeim viðauka.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein, að því er varðar einsleitni, mega lífrænt ræktuð yrki sem henta til lífrænnar framleiðslu, sem tilheyra tegundum sem eru tilgreindar í A-hluta IV. viðauka, þess í stað uppfylla skilyrðin sem eru tilgreind í B-hluta þess viðauka.

Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skýrslu eigi síðar en 31. desember ár hvert, til og með 31. desember 2030, um fjölda umsókna um skráningu yrkja og niðurstöður úr athugunum á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika að því er varðar þessi lífrænt ræktuðu yrki“.

- b) Eftirfarandi annarri og þriðju undirgrein er bætt við í 3. mgr.:

„Þrátt fyrir fyrstu undirgrein, að því er varðar gildi vegna ræktunar og notkunar, geta lífrænt ræktuð yrki sem henta til lífrænnar framleiðslu, sem tilheyra tegundum semmælt er fyrir um í A-hluta IV. viðauka, þess í stað uppfyllt skilyrðin sem tilgreind eru í B-hluta þess viðauka.

Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skýrslu eigi síðar en 31. desember ár hvert, til og með 31. desember 2030, um fjölda umsókna og niðurstöður úr athugunum á ræktunar- og notkunargildi að því er varðar þessi lífrænt ræktuðu yrki“.

- 2) Textanum í viðaukanum við þessa tilskipun er bætt við sem IV. og V. viðauka.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2023. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2023.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

„IV. VIDAUKI

A-HLUTI

Skrá yfir tegundir sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 1. gr.

Bygg

Maís

Rúgur

Hveiti

B-HLUTI

**Sértæk ákvæði að því er varðar prófanir á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika fyrir lífrænt ræktuð yrki
nytjaplantna í landbúnaði sem henta til lífrænnar framleiðslu****1. Almenn regla**

Eftirfarandi gildir um lífrænt ræktuð yrki nytjaplantna í landbúnaði sem henta til lífrænnar framleiðslu:

- 1.1. Að því er varðar aðgreinanleika og stöðugleika skulu allir eiginleikar í aðferðarlýsingum og viðmiðunarreglum sem um getur í I. og II. viðauka athugaðir og þeim lýst.
- 1.2. Að því er varðar einsleitni skulu allir eiginleikar í aðferðarlýsingum og viðmiðunarreglum sem um getur í I. og II. viðauka athugaðir og þeim lýst og eftirfarandi skal gilda um eiginleikana sem eru tilgreindir í 2. lið:
 - a) þessa eiginleika má meta á vægari hátt,
 - b) ef kveðið er á um undanþágu frá viðkomandi tæknilegri aðferðarlýsingu fyrir þessa eiginleika í 2. lið skal einsleitni yrkisins vera svipuð og einsleitni sambærilegra yrkja sem eru almennt þekkt í Sambandinu.

2. Undanþága frá tæknilegum aðferðarlýsingum**2.1. Bygg**

Að því er varðar yrki sem tilheyra tegundinni bygg (*Hordeum vulgare* L) mega eftirfarandi eiginleikar sem varða aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika í aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins CPVO/TP-019/5 fyrir yrki sem er prófað vikja frá eftirfarandi kröfum um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika að því er varðar einsleitni:

CPVO nr. 5	—	Fánablað: antósýanínlitun á blaðeyrum
CPVO nr. 8	—	Fánablað: blánun laufblaðs
CPVO nr. 9	—	Týtur: antósýanínlitun á oddum
CPVO nr. 10	—	Ax: blánun
CPVO nr. 12	—	Korn: antósýanínlitun á æðastrengjum ytri blómagnar
CPVO nr. 16	—	Gelt smáax: staða
CPVO nr. 17	—	Ax: lögun
CPVO nr. 20	—	Týta: lengd
CPVO nr. 21	—	Blómskipunarstilkur: lengd fyrsta liðar
CPVO nr. 22	—	Blómskipunarstilkur: sveigja fyrsta liðar
CPVO nr. 23	—	Miðgildi smáax: lengd axagnar og týta hennar miðað við korn
CPVO nr. 25	—	Korn: gaddamyndun (e. <i>spiculation</i>) á innri hlið æðastrengja aftan á ytri blómögn

2.2. Maís

Að því er varðar yrki sem tilheyra tegundinni maís (*Zea mays* L.) mega eftirfarandi eiginleikar sem varða aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika í aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins CPVO-TP/002/3 fyrir yrki sem er prófað víkja frá eftirfarandi kröfum um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika að því er varðar einsleitni:

CPVO nr. 1	—	Fyrsta laufblað: antósýanínlitun á blaðslíðri
CPVO nr. 2	—	Fyrsta laufblað: lögun topps
CPVO nr. 8	—	Skúfur: antósýanínlitun á axögnum að undanskildum neðsta hluta
CPVO nr. 9	—	Skúfur: antósýanínlitun á frjóhnöppum
CPVO nr. 10	—	Skúfur: horn milli meginstofns og hliðargreina
CPVO nr. 11	—	Skúfur: sveigja hliðargreina
CPVO nr. 15	—	Stilkur: antósýanínlitun á hjárótum (e. <i>brace roots</i>)
CPVO nr. 16	—	Skúfur: þéttleiki smáaxa
CPVO nr. 17	—	Laufblað: antósýanínlitun á blaðslíðri
CPVO nr. 18	—	Stilkur: antósýanínlitun á stöngullið
CPVO nr. 19	—	Skúfur: lengd meginstofns ofan við lægstu hliðargreinar
CPVO nr. 20	—	Skúfur: lengd meginstofns ofan við hæstu hliðargreinar
CPVO nr. 21	—	Skúfur: lengd hliðargreinar

2.3. Rúgur

Að því er varðar yrki sem tilheyra tegundinni rúgur (*Secale cereale* L.) mega eftirfarandi eiginleikar sem varða aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika í aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins CPVO-TP/058/1 fyrir yrki sem er prófað víkja frá eftirfarandi kröfum um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika að því er varðar einsleitni:

CPVO nr. 3	—	Kímstöngulslíður: antósýanínlitun
CPVO nr. 4	—	Kímstöngulslíður: lengd
CPVO nr. 5	—	Fyrsta laufblað: lengd blaðslíðurs
CPVO nr. 6	—	Fyrsta laufblað: lengd blaðs
CPVO nr. 8	—	Fánablað: blánun laufblaðs
CPVO nr. 10	—	Laufblað við hlið fánablaðs: lengd blaðs
CPVO nr. 11	—	Laufblað við hlið fánablaðs: breidd blaðs
CPVO nr. 12	—	Ax: blánun
CPVO nr. 13	—	Stilkur: hærður neðan við ax

2.4. Hveiti

Að því er varðar yrki sem tilheyra tegundinni hveiti (*Triticum aestivum* L. *undirteg. aestivum.*) mega eftirfarandi eiginleikar sem varða aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika í aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins CPVO-TP/003/5 fyrir yrki sem er prófað víkja frá eftirfarandi kröfum um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika að því er varðar einsleitni:

CPVO nr. 3	—	Kímstöngulslíður: antósýanínlitun
CPVO nr. 6	—	Laufblað: antósýanínlitun á blaðeyrum
CPVO nr. 8	—	Fánablað: blánun laufblaðs
CPVO nr. 9	—	Fánablað: blánun blaðs
CPVO nr. 10	—	Ax: blánun
CPVO nr. 11	—	Strá: blánun háls
CPVO nr. 20	—	Ax: lögun frá hlið
CPVO nr. 21	—	Efsti liður blómskipunarstíls: hætt svæði á ávölu yfirborði

CPVO nr. 22	—	Neðri axögn: breidd axlar
CPVO nr. 23	—	Neðri axögn: lögun axlar
CPVO nr. 24	—	Neðri axögn: lengd axagnarbrodds
CPVO nr. 25	—	Neðri axögn: lögun axagnarbrodds
CPVO nr. 26	—	Neðri axögn: hært svæði á innra yfirborði

V. VIÐAUKI

A-HLUTI

Skrá yfir tegundir sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 1. gr.

Bygg

Maís

Rúgur

Hveiti

B-HLUTI

Skilyrði sem skal uppfylla – Ræktunar- og notkunargildi lífrænt ræktaðra yrkja sem henta til lífrænnar framleiðslu

1. Athuganir á ræktun og notkun skulu fara fram við lífræn skilyrði í samræmi við ákvæðin í reglugerð (ESB) 2018/848 og einkum við almennu meginreglurnar í d-, e-, f- og g-lið 5. gr. og framleiðslureglur vegna plantna í 12. gr.
2. Taka skal tillit til sérstakra þarfa og markmiða í lífrænum landbúnaði við athuganir á yrki og við mat á niðurstöðum úr athugunum. Athuga skal þol eða viðnám gegn sjúkdómum og aðlögun að mismunandi staðbundnum jarðvegs- og loftslagsskilyrðum.
3. Ef lögbær yfirvöld geta ekki kveðið á um athugun við lífræn skilyrði eða um athugun á tilteknum eiginleikum, þ.m.t. næmi fyrir sjúkdómum, má prófun fara fram samkvæmt einum af eftirfarandi liðum:
 - a) undir eftirliti lögbærs yfirvalds á athafnasvæðum lífrænna ræktenda eða á lífrænum býlum,
 - b) við aðstæður þar sem aðföng eru lítil og með lágmarksmedhöndlun,
 - c) í öðru aðildarríki ef gerður hefur verið tvíhliða samningur milli aðildarríkja um að inna af hendi prófanir við lífræn skilyrði.

Ræktunar- eða notkunargildi yrkis skal teljast viðunandi ef eiginleikar yrkis í heild sinni, samanborið við önnur lífræn yrki sem henta til lífrænnar framleiðslu og eru samþykkt í skrá viðkomandi aðildarríkis, leiða af sér greinilegar framfarir, annaðhvort í ræktun eða fyrir notkunargildi, uppskeru eða nýtingu afurða sem fást af henni. Framúrskarandi eiginleikar fyrir landbúnaðarframleiðslu, að því er varðar búskaparhætti og matvæla- eða fódurframleiðslu sem fela í sér kosti fyrir lífrænan landbúnað, skulu teljast sérlega gagnlegir við athugunina á ræktunar- eða notkunargildi.

4. Lögbært yfirvald skal kveða á um mismunandi skilyrði við athuganir sem eru aðlöguð að sértækum þörfum lífræns landbúnaðar og skal athuga, að beiðni umsækjandans og að því marki sem því er unnt, sértæk einkenni og eiginleika ef samanburðarnákvæmar aðferðir eru aðgengilegar.“